



Skautasamband Íslands  
Engjavegi 6  
104 Reykjavík  
Ísland

## **Þing Skautasambands Íslands ÍSS Sunnudaginn 21. maí 2006 kl 13.**

### **1. Þingsetning**

Elísabet Eyjólfsdóttir formaður ÍSS býður gesti velkomna á þingið. Þetta er annað þing sambandsins sem haldið er án aðildar hokkýsins.

### **2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins**

Elísabet gerir að tillögu sinni að Hafsteinn Pálsson verði þingforseti og Sigrún Inga Mogensen verði þingritari. Samþykkt samhljóða.

### **3. Ávörp gesta**

Fundarstjóri leggur til að þessi liður verði eftir skýrslu formanns og gjaldkera. Samþykkt.

### **4. Kosning í nefndir.**

Spurt hvort þingið eigi að starfa sem einn hópur eða í nefndum. Samþykkt að starfa í einum hópi. Kjörbréfanefnd þarf þó að fara yfir kjörbréfin. Tillaga um þriggja manna kjörbréfanefnd, Bjarnveig Guðjónsdóttir, Erla Ragnarsdóttir og Þórdís Ingvadóttir.

**ÍBR/Björninn** Helga Olsen, Christine Savard,  
**ÍBR/SR** Ástríður Traustadóttir, Margrét Ólafsdóttir, Bjarnveig Guðjónsdóttir, Lise Hafsteinsson  
**ÍBA/SA** Sigurlína Jónsdóttir, Sigríður Stefánsdóttir, Þórdís Ingvadóttir

### **5. Skýrsla formanns**

Elísabet Eyjólfsdóttir les skýrslu.

### **6. Skýrsla gjaldkera**

Anna Kristín Einarson fer yfir reikninga sambandsins

### **7. Orðið laust.**

Erla Ragnarsdóttir fer yfir kjörgengna fulltrúa og þeir samþykktir. Sjá hér að ofan í lið 4.  
Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSÍ heldur tölu

### **8. Orðið laust um skýrslu stjórnar og reikninga**

Spurt um kostnað varðandi dómakerfið.

Keppnir erlendis, í hverju felst kostnaðurinn  
**Skýrsla og reikningar samþykkt með öllum greiddum atkvæðum**

**9. Farið yfir fjárhagsáætlun næsta árs**

Spurt um keppnir erlendis

Reikninga vegna afreksstefnu

Námskeið erlendis og innanlands fyrir dómara og tæknifólk

Gunnar bendir á að ný stjórn hafi samband við Andra í ÍSÍ vegna styrkja.

**Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða**

**10. Laga- og leikreglnabreytinar.**

Engar breytingar á lögum.

. Breytingar á reglugerðum

- **breyting á reglugerð 5.**

- 5.1. samþykkt

- 5.2. samþykkt

**Reglugerðin samþykkt samhljóða**

**Breyting á reglugerð 6**

- 6.1. samþykkt

- 6.2. leiðrétting á reglugerð "Íslandsmeistaramót" í stað "Íslandsmóts", annað stendur óbreytt, samþykkt

- 6.6. samþykkt

**Reglugerðin samþykkt samhljóða með breytingum**

**Breyting á reglugerð 7**

- 7.1. umræða um reglugerðina. Bjarnveig segir að ÍSS er með lögbrot/mannréttindabrot gagnvart erlendum þjálfurum ef þeir fá ekki að sitja í ráðinu. Hún kemur með breytingatillögu: ***Þjálfararáð skal skipað formanni, fulltrúa stjórnar ÍSS ásamt fulltrúa frá hverju félagi sem félagið velur.*** Skorar á þingið að samþykkja ekki breytingu á reglugerðinni heldur ofangreinda breytingatillögu.

- Elísabet svarar Bjarnveigu, segir þetta ekki vera lagabreytingu heldur reglugerðabreytingu. Miklar umræður

- Helga Olsen formaður þjálfararáðs svarar fyrir þjálfararáð

- 7.5. samþykkt

- Margrét vill skora á öll félögin að hugsa um það ef þau standa uppi með það að eiga ekkert nema unga þjálfara hver ætti þá að vera í þjálfararáði

Kosið um fyrrgreinda breytingatillögu frá Bjarnveigu. Tillagan

felld með fimm atkvæðum gegn fjórum,

Upprunaleg tillaga borin upp. Samþykkt með fimm atkvæðum geng fjórum.

**Reglugerð 7 með breytingu samþykkt með fimm**

## **Atkvæðum gegn fjórum.**

Stjórn skautasambandsins mun athuga hvort reglugerðabreytingin standist lög.

### **Breyting á reglugerð 10 um framkvæmd móta**

- farið yfir þær greinar sem gerð er athugasemd við, gerð
- 10.10 menn 13-19 ára **á að vera 14-19**
- **10.11 “ ef tími gefst til”** gerð athugasemd um að fella þetta út. Elísabet útskýrir ástæðuna fyrir því að þetta orðalag er inni. Anna Kristín útskýrir framkvæmd barna og unglingamótsins. Hilmar bauð klst. eftir kl. 13 á kr.80.000. Reiknar inn fórnarkostnað.

Christine fer yfir kostnað. Helga Olsen segir að Egilshöll ætli að takmarka tíma. Ístíminn er mjög kostnaðarsamur. Spurt um diskótek um kvöldið á barna og unglingamótinu. Þetta var tími sem Egilshöll ákvað að gefa.

Ábending frá Hafsteini um orðalag “menn” í keppnisflokkum. Dömur eru líka menn.

Mikið rætt um að erfitt er að taka stutta prógram af á Íslandsmótinu. Bent er á að þetta er ekki algilt heldur verði notað í neyð. Allt verður gert til að hafa bæði prógröm. Anna Kristín segir frá breytingum í mótanefnd, sex vikum fyrir mót á að vera búið að tilkynna um keppendalista. Ef að keppnisgjöld eru borguð snemma eru minni líkur á að keppendur séu skráðir sem ekki keppi. T. D. fyrir síðasta B og U mót hafi keppendafjöldi verið skráður um 120 en fór niður fyrir 100 í keppninni sjálfri. Christine bendir á að junior og novice keppa að lágmarki 3svar sinnum með bæði prógrömmun. June bendir á að þetta er alltaf að aukast.

Breytingatillaga frá Margréti: “ *ef tími gefst til*” falli niður í 10.11. Fellt með fimm atkvæðum gegn fjórum

### **Reglugerð 10 borin upp í heild. Samþykkt með fimm atkvæðum gegn fjórum.**

## **11. Kosning stjórnar**

Elísabet Ejólfsdóttir kosin formaður. Aðrir í stjórn eru Sigurlína Jónsdóttir, Þórdís Ingvadóttir, Anna Kristín Einarson og Erlendína Kristjánsson.

### **Varastjórn:**

Miklar umræður hvort félögin eigi að hafa sinn fulltrúa inni. Elísabet útskýrir sjónarmið sambandsins um að þeir sem eru í stjórn eigi ekki að vera fulltrúi stjórnar heldur er í stjórn fólk sem vinnur að uppgangi íþróttarinnar í heild. Vill fá fólk inn í stjórnina sem hefur þekkingu á því sem það á að gera og þurfi ekki að segja oft til.

**Kjósa þarf um varamenn.** Tillaga um Sigrúnu Mogensen,

June E. Clark, Christine Savard og Erlu Ragnarsdóttir.  
Leynileg kosning um varamenn.

**Varamenn:** Réttkjörnar eru Sigrún Mogensen, Christine Savard og June Clark.

- 12. Kosning skoðunarmanna:** Gunnar Bragason og Auður Harðardóttir  
**Varamenn:** Helga Magnúsdóttir og Jón Gestur Viggóson

**13. Önnur mál**

Elísabet tekur til máls og rekur sögu þess afhverju hún byrjaði að starfa fyrir íþróttina. Talar um að allir þurfi að vinna saman að afreks- stefnunni, sambandið, félögin, þjálfarar, foreldrar og skautarar.

**Beiðni frá SR um að fjallað verði um eftirfarandi:**

- *Að skautasambandið stuðli að því að ein skautahöll verði opin yfir sumarmánuðina til skautaiðkunar.*  
Ástríður vill að það bíði til betri tíma að fjalla um þetta mál.  
Bjarnveig útskýrir hvað liggur á bak við beiðnina.  
Elísabet sammála og fer yfir stöðu mála hjá sambandinu gagnvart æfingabúðum ofl. Ekki hægt að hafa opnun nema að félögin skuldbindi sig. Sigurlína útskýrir afstöðu SA. Ástríður vill að öll félögin og sambandið ræði saman um sumaropnum skautahallar. Elísabet segir að hokký-sambandið ekki haft áhuga á að stuðla að sumaropnun hingað til Þórdís vill stuðla að lengri opnum skautahallar.
- *Að skautasambandið skerpi starfsreglur stjórnar sinnar þannig að ályktanir, tilmæli, reglur. Orðsendingar og hvað annað sem skautasambandið ályktar og samþykkir berist með öruggum hætti til stjórnar aðildafélaga Skautasambandsins.*  
SR vill að tengiliður verði milli sambands og félaga. Allt mun verða sett á heimasíðu til að auðvelda upplýsingaflæði.
- *Að skautasambandið sjái til þess að keppnisflokkar, Junior og Novice séu með tvö prógrömm á Íslandsmóti barna og unglinga þ.e.a.s. bæði stutta og langa prógrammið sé dansað í keppni.*  
Búið að ræða fyrr á þinginu.

**Annað**

- Anna Kristín fer yfir mót og mótabók. Mótabókin verður sett á netið.
- Helga Olsen vill skipta á B keppendum á haustmótinu, að eldri B keppendur keppi á haustmótinu og yngri þegar Bikarmótið verður. Anna Kristín útskýrir að á Bikarmótinu er notað allt dómakerfið og það gagnast ekki yngri B keppendum.

- SR kemur með tillögu um að aðlaga tíma á okkar mótum tíma hokký. Elísabet segir að hokký skili aldrei inn á réttum tíma og þeir séu vanir að gera það ekki inn fyrr en um haust. SR segir að. Ed búinn að gera mótaskrá fyrir SR hokký
- Erlendína spyr hvort samræmi sé á milli keppna hjá hokký og list. Elísabet ætlar að setja sig í samband við Viðar Garðason hjá Íshökkýsambandinu og fá upplýsingar hjá þeim.
- Helga segir að hokky leikir færast á milli halla eftir hver úrslitin voru. Hafsteinn bendir á að ÍSS þurfi að hafa sambandi við ÍHÍ.
- Anna Krístín heldur áfram að fara yfir upplýsingar til félaganna um mót. Handbók fyrir þjálfara “Skautum Regnbogann” verður gefin út og þarf að kaupa hana. Hún fylgir þjálfurum sem fara á námskeið.

Dagskrá tæmd.

Þingforseti slítur þingi kl 15.20

Sigrún Inga Mogensen  
þingritari.